

Samþykkt um Menningarsjóð Akureyrarbæjar

Menningarsjóður Akureyrarbæjar er samheiti yfir þau fjárframlög sem Akureyrarbær ætlar árlega til samstarfssamninga, verkefna- og ferðastyrkja sem veitt eru félögum og lögráða einstaklingum í menningarlífinu í bænum.

Menningarsjóður var stofnaður á aldarafmæli Akureyrarbæjar, 29. ágúst 1962, með 300.000 kr. stofnframlagi bæjarsjóðs Akureyrarbæjar. Sjóðnum var síðar breytt þannig að um heimild á fjárhagsáætlun er að ræða í stað eiginlegs sjóðs.

1. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja menningarstarfsemi í sveitarfélaginu Akureyrarbæ með fjárframlögum.

2. gr.

Helstu verkefni sjóðsins eru að:

- a. Styðja við lögráða einstaklinga og félög sem auðga menningarlíf í sveitarfélaginu með verkefna- og ferðastyrkjum.
- b. Gera samstarfssamninga við félagasamtök í sveitarfélaginu um menningarstarfsemi.
- c. Veita starfslaun til listamanna, sbr. samþykkt þar um.
- d. Veita sumarstyrki ungra listamanna, sbr. verklagsreglur þar um.
- e. Styðja sérverkefni sem sjóðsstjórn kann að ákveða hverju sinni.

3. gr.

Bæjarráð Akureyrarbæjar er sjóðsstjórn og tekur ákvarðanir um styrkveitingar úr sjóðnum en getur falið forstöðumanni atvinnu- og menningarmála og verkefnisstjóra menningarmála að ákveða veitingu smærri styrkja skv. sérstökum úthlutunar- og vinnureglum sem bæjarráð samþykkir.

4. gr.

Við fjárhagsáætlunargerð hvers árs er ákvörðuð heildarfjárheimild Menningarsjóðs. Berist Akureyrarbæ peningagjafir sem ætlaðar eru til menningarstarfsemi bætist þær við Menningarsjóð.

5. gr.

Gerðir sjóðsstjórnar þarf ekki að leggja fyrir bæjarstjórn til samþykktar enda rúmist ákvarðanir hennar innan heimilda fjárhagsáætlunar.

6. gr.

Um hæfi nefndarmanna gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sbr. II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 17. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar. Um hæfi starfsmanna nefndarinnar gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 17. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar.

Samþykkt í bæjarráði Akureyrarbæjar 20. október 2022

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrarbæjar 1. nóvember 2022